

Jarðvangsvika 21.-27. apríl 2014

Mánudagur 21. apríl, annar í páskum

Skaftárhreppur

Gönguferð um Kirkjubæjarklaustur undir leiðsögn Elínar Önnu Valdimarsdóttur, Rannveigar Ólafsdóttur og Jónu Bjarkar Jónsdóttur.

Mæting við Skaftárstofu kl 10.00 og gengið um 5 km hringleið við Kirkjubæjarklaustur. Farið verður í sögu staðarins auk þess sem kynntur verður ratleikur í snjallsíma sem Friður og frumkraftar hafa nýlega gefið út, í samstarfi við Kötlu jarðvang.



Mýrdalshreppur

Ganga á Hafursey með leiðsögn Ragnars S. Ragnarssonar. Ferðin hefst kl. 13:13 og er mæting við afleggjara að Hafursey. Göngulengdin er um tveir kílómetrar og hækkunin er 440 metrar. Uppgöngutíminn er um tvær klukkustundir og um grónar hlíðar, brattar skriður og móbergsklappir að fara.



ooo

Afþreying með Arcanum Glacier Tours, Ytri Sólheimum 1 – Tilboð alla daga jarðvangsvikunnar

Brottfarir daglega kl. 10:00 – 12:00 – 15:00. Vinsamlegast mætið tímanlega, 30 min. fyrir brottför. Fjórar mismunandi ferðir, bóka þarf fyrirfram í allar ferðir.

- Jöklaganga á Sólheimajökli, 1.5 tími á jökli = 5.000 ISK á mann. (Allir búnaður til jöklagöngu er innifalinn í verðinu. Broddar, belti, hjálmur og ísexi)

- Fjórhlólaferð = 10.000 ISK á mann (2 á hjóli) Skemmtileg ferð þar sem er keyrt er um Sólheimasand. Keyrt við flæðarmálið, farið yfir ár og flugvélaflak meðal annars skoðað.

- Vélsleðaferð á Mýrdalsjökli, 1 kl.tími á sleða = 15.000 ISK á mann (2 á sleða. Akstur upp á jökul og til baka frá Sólheimakoti er innifalið)

- Vélsleðaferð á Fimmvörðuháls, 2 – 3 tímar á sleða = 35.000 ISK á mann (2 á sleða. Farið upp á Mýrdalsjökul og keyrt yfir á gosstöðina á Fimmvörðuhálsi. Akstur upp á jökul og til baka frá Ytri-Sólheimum er innifalið.)

Vinsamlegast athugið að ökumenn í vélsleða- og fjórhlólaferðum þurfa að vera með gilt ökuskírteini. Við biðjum fólk að klæða sig eftir veðri, með hlýföt, húfu og vettlinga, góða gönguskó og vatnsheldar buxur/úlpur. Allur öryggisbúnaður er innifalinn í verði.

Frekar upplýsingar í síma 487 1500 eða gegnum póstfangið info@arcanum.is



Rangárþing eystra

Opinn landbúnaður að Ásólfskála. Gestgjafarnir Katrín Birna Viðarsdóttir og Sigurður Grétar Ottósson taka vel á móti gestum. Nánari upplýsingar og skráning: 861-7489 /asolfsskali@simnet.is



Þriðjudagur 22. apríl

Skafthreppur

Hólasport býður upp á fjórhjólaferð um Landbrot undir leiðsögn Benný Huldar Benediktsdóttur og Guðmanns Ísleifssonar. Mæting við Hótel Laka kl 13:30.

Hólasport skaffar galla, hanska, hjálma og buff undir hjálm. Gott að vera í góðum skóm.

Ferð byrjar kl. 14:00. 1-2 á hjóli eftir fjölda þáttakenda. Öskubyrgið verður skoðað og síðan ekið inn í Landbrotshóla þar sem við ökum innan um gervígigana í návígi og í rólegheitum eftir slóðum sem eru sérsniðnar að hjólunum, klifrum upp á þá og fræðumst um myndun og sögu hólana. Komið aftur á Hótel Laka eftir c.a 1-1,5 klst. Hámarksfjöldi er 16 manns, skráning fer fram á netfanginu holasport@holasport.is.



Rangárþing eystra

Saumað verður í Njálurefilinn frá kl. 19-22 í Sögusetrinu, allir velkomnir. Hægt er að sauma á öðrum tímum eftir samkomulagi. Hafið samband við Gunnhildi í s: 861-8687 eða Christínu í s: 892-6902

ooo



Opinn landbúnaður að Ásólfskála. Gestgjafarnir Katrín Birna Viðarsdóttir og Sigurður Grétar Ottósson taka vel á móti gestum. Nánari upplýsingar og skráning: 861-7489 /asolfsskali@simnet.is

Miðvikudagur 23. apríl

Mýrdalshreppur

Söguganga á Hjörleifshöfða. Farið verður á bíl frá Norður-Vík kl. 19:30. Áætluð heimkoma er kl. 22. Æsa Gísladóttir og Kolbrún Hjörleifsdóttir munu sjá um leiðsögn.

13 sæti eru í boði og hægt að skrá sig á vik@hostel.is og kolbrun@vik.is.



Rangárþing eystra

Stórólshvoll landnám og saga – Létt ganga og leiðsögn

Mæting á bílaplanið við Stórólshvolskirkju Hvolsvelli kl. 20:00 og tekur gangan um 1 klst.

Lárus Bragason, Guðlaug Ósk Svansdóttir og Magnús Kristjánsson munu sjá um leiðsögn.

ooo

Opinn landbúnaður að Ásólfskála. Gestgjafarnir Katrín Birna Viðarsdóttir og Sigurður Grétar Ottósson taka vel á móti gestum. Nánari upplýsingar og skráning: 861-7489 /asolfsskali@simnet.is

Fimmtudagur 24. apríl, Sumardagurinn fyrsti

Skaftárhreppur

Gangið upp á Lómagnúp undir fararstjórn Hauks Valdimarssonar. Leiðarval verður ákveðið síðar með tilliti til aðstæðna. Mæting við afleggjarann að Núpstað klukkan 9:00, verð 3000 krónur á manninn. Sennilega verður gengin upp að austan og þá keyrt inn með Lómagnúpnum að austan að mynni Fossdals þar sem gangan hefst og má ætla að heildar göngutími sé 10 til 12 klst fram og til baka. Gangan er nokkuð krefjandi og þarf fólk að mæta vel búíð með gott nesti. Skráning hjá jonabjork@katlageopark.is eða í síma 692-1125.



Mýrdalshreppur

Fossfoss ganga, m.a. verða heimsóttir staðirnir Reynisfjall, Reynisdrangar og Reynisfjara.

Mæting við Arion banka í Vík kl. 19:30, þar verður safnast saman í bíla. Gangan tekur 1-2 klst. Fararstjórar verða Grétar Einarsson, Steingerður Hreinsdóttir og Sigurður Sigursveinsson.



Rangárþing eystra

Ganga á Þríhyrning og er þessa ferðarinnar er listin að ganga saman, og njóta þess sem dagurinn býður uppá til orðs og útsjónar. Einskonar ljóðræna! Þetta er ekki erfið ferð og eiga flestir sem eitthvað hafa gengið að geta notið ferðarinnar. Áætlaður tími á göngu eru 2-3 klst.

Ekki þarf að skrá sig í ferðina en við ætlum að hittast við Hlíðarenda á Hvolsvelli kl 10:00 (að morgni) og halda þaðan sem leið liggur inn Fljótshlíð á eigin bílum að Þríhyrningi, þar sem við hefjum gönguna. Leiðangurstjórinn mun gera sig sýnilegan á Hlíðarenda.

Það sem gott er að hafa meðferðis: Lítill bakpoki, drykkur og nesti, góða skó og hlý „sumarföt“, Hafa vindheld og vatnspolin föt með í farangrinum (enginn veit daginn allan) og húfu og vettlinga þar sem þetta er fyrsti dagur sumars væri viðeigandi að hafa eitt lítið skraut meðferðis. Leiðangurstjóri er Gústav Stolzenwald.



ooo

Opinn landbúnaður að Ásólfskála. Gestgjafarnir Katrín Birna Viðarsdóttir og Sigurður Grétar Ottósson taka vel á móti gestum. Nánari upplýsingar og skráning: 861-7489 /asolfsskali@simnet.is

Föstudagur 25. apríl, Dagur umhverfisins

Skaftárhreppur

Náðhús og bætt aðstaða fyrir ferðamenn við Fjaðrárgljúfur vígt klukkan 15:00. Í framhaldinu verða veittar viðurkenningar náttúru- og umhverfisnefndar Skaftárhrepps í félagsheimilinu Kirkjuhvoli klukkan 16:00.



ooo

Hljómsveitin **Mono Town** heldur tónleika á Icelandair Hótel Klaustur. Tónleikarnir hefjast klukkan 21:30 stundvíslega og er miðaverð 2000 krónur. Mono Town skipa bræðurnir Börkur Hrafn og Daði Birgissynir ásamt Bjarka Sigurðssyni sem eru allir laga- og textahöfundar sveitarinnar. Þeim til aðstoðar eru þeir Guðmundur Óskar Guðmundsson og Magnús Tryggvason Elíassen. Hljómsveitin gaf út sína fyrstu breiðskífu *In the Eye of the Storm* nýverið og hefur hún fengið góðar viðtökur og er hefur lagið Peacemaker nú setið á vinsældarlistum landsins í nokkrar vikur.



Rangárþing eystra

Skoðunarferð um Fljótshlíð með leiðsögn Sigurðar Steinarssonar og Halldórs Eiðssonar. Mæting við Hlíðarenda á Hvolsvelli kl. 13:00. Takmarkaður fjöldi – skráning siggiogharpa@internet.is

ooo

Opinn landbúnaður að Ásólfskála. Gestgjafarnir Katrín Birna Viðarsdóttir og Sigurður Grétar Ottósson taka vel á móti gestum. Nánari upplýsingar og skráning: 861-7489 /asolfsskali@simnet.is

Laugardagur 26. apríl

Mýrdalshreppur

Kötlu Jarðvangshlaupið verður nú haldið í annað sinn kl. 11:00 við Hjörleifshöfða og er vegalengdin 11 km með tímatöku. Hlaupinn verður hringur í kringum höfðann eða um 8 km í sandi á flatlendi, þegar hringnum lýkur er farið uppá höfðanum með 200m hækkun og endaði í rásmarki á flatlendi.

Forskráning á netinu (www.hlaup.is) er opin til kl. 13 miðvikudaginn 23. apríl. Einnig er hægt að skrá sig hjá USVS til kl 13 á föstudaginn 25. apríl. Þátttökugjald er 2500 fyrir 16 ára og eldri og ókeypis fyrir yngri þátttakendur. Innifalið í þátttökugjaldinu er súpa eftir hlaupið og ofan í sundlaugina í Vík. Allir sem ljúka hlaupinu fá viðurkenningarpening.



Rangárþing eystra

Fræðsluerindi og útskrift á Kaffi Anna, Moldnúpi undir Eyjafjöllum klukkan 15:00.

Snorri Baldursson þjóðgarðsvörður Vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs og Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur hjá Náttúrustofu Vestfjarða munu flytja erindi.

Nemar af námskeiðinu Staðarleiðsögn Ilfá afhenta viðurkenningu á námi sínu sem Leiðsögumenn í Kötlu jarðvangi.

ooo

Saumað verður í Njálurefilinn frá kl. 10 í Sögusetrinu, allir velkomnir. Hægt er að sauma á öðrum tímum eftir samkomulagi. Hafið samband við Gunnhildi í s: 861-8687 eða Christínu í s: 892-6902

ooo

Opinn landbúnaður að Ásólfskála. Gestgjafarnir Katrín Birna Viðarsdóttir og Sigurður Grétar Ottósson taka vel á móti gestum. Nánari upplýsingar og skráning: 861-7489 /asolfsskali@simnet.is

Sunnudagur 27. apríl

Skaftárhreppur

Í tilefni sumars er rétt að dusta rykið af hjólunum og bregða sér í hjólaferð í Skaftárhreppi en lagt verður af stað frá áningarstað við Eldvatn kl. 13. Hjólað verður upp Skaftártunguveg, þaðan yfir Hrífunesheiði og áð í Hrífunesi. Svo verður haldið áfram að Laufskálavörðu og þaðan þjóðveginn aftur að áningarstað við Eldvatn.


Skráningar fara fram hjá Rannveigu á rannveig@katlageopark.is, Jónu Björk á jonabjork@katlageopark.is eða í síma 857-0634 og 6921125. Skráningar berist fyrir föstudaginn 25. apríl.



Rangárþing eystra

Farið verður á slóðir Njálu þar sem Sigurður Hróarson bókmenntafræðingur og forstöðumaður Sögusetursins leiðsegir og rekur ættir Njálumanna að landnámi. Ferðin byrjar og endar á Sögusetrinu Hvolsvelli og hópurinn fer saman um Fljótshlíðina þar sem sögufrægir staðir verða heimsóttir sem og aðrir merkir staðir tengdir landnámi. Farið verður af stað kl. 13 og tekur ferðin um 4 klukkustundir verð: 3000 kr

Nánari upplýsingar í síma 857-0634 (Rannveig) eða á netföngin rannveig@katlageopark.is og jonabjork@katlageopark.is. Skráning fer fram hjá Fræðslunetinu, s. 560-2030



ooo

Opinn landbúnaður að Ásólfskála. Gestgjafarnir Katrín Birna Viðarsdóttir og Sigurður Grétar Ottósson taka vel á móti gestum. Nánari upplýsingar og skráning: 861-7489 /asolfsskali@simnet.is